

Fimmtudaginn 27. október 1988.

Nr. 336/1988. **Guðmundur Bergsteinn Jóhannsson**

gegn

Magnúsi Sigurðssyni

Kærumál. Frávísunardómur felldur úr gildi. Gerðardómur.

Lögsaga. Réttarfar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili hefur með heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið til Hæstaréttar með kæru 23. júní 1988 frávísunardómi aukadómþings Árnassýslu frá 15. júní sl. Kæran barst Hæstarétti 7. þ.m. Hann krefst þess, að frávísunardómurinn verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir héraðsdómarann að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Frá varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi vísaði héraðsdómari frá dómi þeirri kröfu sóknaraðila, „að viðurkennt verði með dómi, að stefnanda hafi verið rétt og skylt og með öllu frjálst og vítalaut að láta greindum yfirboðurum sínum og herra settum embættismönnum í té umbeðnar upplýsingar, ...“ Röksemdir héraðsdómara fyrir frávísuninni voru þær, að þessi kröfuliður varðaði niðurstöðu í máli, sem gerðardómur Læknafélags Íslands hefði þegar úrskurðað um og ætti réttilega undir þann dóm samkvæmt Codex Ethicus læknafélagsins, en þar sé tekið fram, að úrskurðum gerðardóms verði ekki áfrýjað, auk þess sem dómkrafan sé ekki greind svo glögg sem verða má, sbr. 88. gr. laga nr. 83/1936.

Sóknaraðili heldur því fram, að með því að veita upplýsingar þær, sem hér um ræðir, hafi hann verið að gegna embættisskyldu við yfirboðara og herra setta embættismenn í samræmi við lög og embættiseið sinn. Hann telur, að Codex Ethicus Læknafélags Íslands eigi hér ekki við og því nái hvorki lögsaga siðanefndar né gerðardóms Læknafélags Íslands til þessa atriðis, heldur eigi hann rétt á því, að almennir dómstólar leggi dóm á þetta atriði.

Það er grundvallarsjónarmið um skýringu á gerðardómssamningum, að þá beri að skýra þröngt.

Almennir dómstólar dæma ekki um brot á siðareglum lækna. Skilja verður kröfugerð sóknaraðila svo, að hann vilji fá viðurkennt með dómi hvort honum hafi að lögum verið rétt og skylt að láta yfirmönnum sínum og herra settum embættismönnum í té umdeildar upplýsingar. Gerðardómurinn sker ekki úr um þetta efni. Fallast má á, að sóknaraðili eigi lögvarða hagsmuni af því að fá úr því leyst af dómstólum, enda verður að telja, að krafan sé nægjanlega skýr til að unnt sé að leggja dóm á hana.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur aukadómþings Árnæssýslu 15. júní 1988.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar eða dóms varðandi frávísunarkröfu stefnda þann 16. maí sl., er höfðað með stefnu birtri 6. október 1987.

Stefnandi er Guðmundur Bergsteinn Jóhannsson, Stuðlaseli 27, Reykjavík (nnr. 3082-4105).

Stefndi er Magnús Sigurðsson, Seylum, Ölfushreppi, Árnæssýslu (nnr. 6281-9014).

Dómkröfur stefnanda eru þær:

1. „Að felldur verði úr gildi dómur gerðardóms skv. Codex Ethicus Læknafélags Íslands, uppkveðinn 29. apríl 1987, í málinu: Guðmundur B. Jóhannsson gegn Magnúsi Sigurðssyni. Dómsorð hljóðar svo: „Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.““

2. Þess er krafist „í framhaldi af framangreindri kröfu um ógildingu á dómi nefnds gerðardóms, að viðurkennt verði með dómi, að stefnanda hafi verið rétt og skylt og með öllu frjálst og vítalaut að láta greindum yfirboðurum sínum og herra settum embættismönnum í té umbeðnar upplýsingar, sbr. nánar hér á eftir.“

Þá krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefnda eru þær kröfur gerðar, að kröfur stefnanda í málinu verði eigi teknar til greina og stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu.

Í þinghaldi þann 16. maí sl., eftir að leitað hafði verið árangurslaust um sættir og áður en aðalflutningur skyldi hefjast, gerði stefndi þá kröfu, að málinu yrði vísað frá dómi. Þessu mótmælti stefnandi, og var síðan ágreinigurinn um frávísunarkröfuna sóttur og varinn munnlega af aðilum.

Málavextir eru þeir, að með bréfi til forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, heilbrigðisráðuneytis og landlæknis, dagsettu 18. apríl 1984, sendu Guðmundur B. Jóhannsson, stefnandi máls þessa, og Sigurður Ingi Sigurðsson, heilsugæslulæknar á Selfossi, þessum aðilum „yfirlit til samanturðar á upphæðum reikninga lækna við Heilsugæslustöðina á Selfossi miðað við fjölda tímapantana á stofu“, og náði yfirlitið yfir allt árið 1983 og janúar- og febrúarmánuði 1984.

Einn lækna heilsugæslustöðvarinnar, Magnús Sigurðsson, stefndi í máli þessu, taldi bréfi þessu stefnt gegn sér og að með því hefðu lækarnir gerst brotlegir við 1. gr. III. kafla siðareglna lækna og kærði þá fyrir siðanefnd læknafélagsins. Siðanefndin kvað upp þann úrskurð 5. mars 1985, að nefndir lækna hefðu með ritun nefnds bréfs brotið gegn 1. gr. III. kafla Codex Ethicus Læknafélags Íslands og veitti þeim af því tilefni áminningu.

Þessari niðurstöðu siðanefndar vildi stefnandi máls þessa ekki una og áfryjaði úrskurði siðanefndar til gerðardóms skv. Codex Ethicus Læknafélags Íslands með bréfi, dagsettu 1. apríl 1985, og krafðist þess, að honum yrði hnekkt. Gerðardómurinn kvað síðan upp dóm í málinu þann 29. apríl 1987 þar sem úrskurður siðanefndar var staðfestur að því er varðaði Guðmund B. Jóhannsson, stefnanda máls þessa.

Undir rekstri málsins bar stefnandi fram kröfu um ruðning á einum hinna „föstu dómenda“ samkvæmt heimild í reglum um dóminn, en þeirri kröfu var hafnað sem of seint fram kominni.

Við meðferð málsins voru allir frestir, sem settir eru í reglum um dóminn, rofnir.

Stefnandi vildi eigi una dómi gerðardómsins og höfðaði því mál þetta hér fyrir dómi.

Málsástæður og lagarök.

STEFNANDI:

Í stefnu segir stefnandi svo um málsástæður og lagarök:

„Krafa stefnanda um ómerkingu á téðum dómi gerðardómsins er studd

þeim rökum að skipun dómsins og starfshættir hans í þessu máli hafi ekki verið í samræmi við gildandi reglur, og einkum bent á eftirfarandi:

1. Í reglunum er svo fyrir mælt, að annar þeirra dómara, sem Læknafélag Íslands kys í dóminn, skuli vera héraðslæknir. Svo er þó eigi, og er dómurinn því eigi rétt skipaður.

2. Í reglunum er málsaðiljum veittur réttur til að ryðja einum hinna „föstu dómara“ úr gerðardómnum, hvorum um sig. Hér að framan er greint frá því, að stefnandi bar fram kröfu um ruðning nafngreinds dómara, án þess að þeirri kröfu væri sinnt, og er sú málsmeðferð brot á settum reglum.

3. Í téðum reglum er svo fyrir mælt, að gerðardómur skv. C. E. skuli dæma í hverju máli, sem hann fær til meðferðar, svo fljótt sem verða má, og eigi síðar en innan misseris frá því að málsaðiljar kusu dómara, nema aðiljar hafi komið sér saman um lengri frest. Þar sem eigi var samið um lengdan frest, eru því einnig um þetta brotnar reglur, sem í gildi eru í Codex Ethicus. — Af framangreindu er einsýnt, að eigi hafa verið virtar gildandi reglur um skipan gerðardómsins og starfshætti hans, og er af þeim ástæðum krafist ógildingar dóms gerðardómsins.

Því er eindregið haldið fram, að krafan um viðurkenningu á broti og viðurlögum vegna þeirrar skýrslu um upplýsingar, sem stefnandi veitti yfirboðurum sínum og hærra settum embættismönnum, sé þess eðlis, að siðanefnd og gerðardómur hefðu átt að vísa máli út af þeirri kröfu frá, þar sem það fellur eigi innan ramma þeirra siðareglna, sem greindar eru í Codex Ethicus L.Í., en þau ákvæði ber að sjálfsögðu að skýra þröngt. Skýrslugjöf sú, sem mál þetta snýst um, getur með engu móti talist til neinna þeirra „ráðstafana“, sem um ræðir í 1. gr. III. kafla Codex Ethicus L.Í., og því eigi geta skaðað einstaka lækna né lækna stéttina almennt. Skýrslugjöfin getur heldur ekki talist bera vott um skort á drengskap eða háttvisi í garð stefnda né annarra lækna eða stéttarinnar, enda var slíkt eigi tilgangur stefnanda. Skýrslugjöfin var þvert á móti gerð af skyldu við yfirboðara og hærra setta embættismenn og auk þess gerð í góðri trú og með vitund stefnda Magnúsar á sínum tíma. Það er því fjarstæða, að um sé að ræða siðleysi eða neitt í þá átt, sem geti talist brot og áminngarvert. Af þessu leiðir, að stefnandi hafði rétt og skyldu til þess að veita þær upplýsingar, sem um ræðir, og geta stéttarfélagsreglur á borð við Codex Ethicus Læknafélags Íslands eigi heft né verið ætlað að hefta þá skyldu og þann rétt, sem styðst við almennar og viðurkenndar reglur um mannréttindi í samræmi við stjórnarskrá Íslands og grundvallarreglur laga. Hvorki lækna stéttarsamtök né önnur slík geta með samþykktum sínum og/ eða túlkunum nefnda eða gerðardóma skert slík réttindi.

Á þeim röksemdum, sem hér að framan eru greindar, er reist sú krafa

að viðurkennt verði með dómi, að stefnanda hafi verið rétt og skylt, frjálst og vitalaust með öllu að láta greindum yfirboðurum sínum og hærra settum embættismönnum í té þær upplýsingar, sem um er rætt í máli þessu.

Lagarök:

Vísað er til læknalaga nr. 80/1969 og almennra meginreglna um réttindi og skyldur lækna. Einnig er vísað til laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, einkum 1. mgr. 29. gr.“

STEFNDI:

Stefndi rökstyður kröfur sínar með því, í fyrsta lagi, að gerðardómurinn hafi verið rétt skipaður. Hinir „föstu dómendur“ hafi verið tilnefndir af læknadeild Háskóla Íslands og kjörnir á aðalfundi Læknafélags Íslands samkvæmt Codex Ethicus lækna.

Í öðru lagi hafi krafa um ruðning eins dómenda komið of seint fram. Um þetta atriði segir svo í greinargerð stefnda:

„Með bréfi til málsaðila, dags. 19. febrúar er þeim tilkynnt hverjir séu hinir „föstu dómendur.“ Jafnframt sem þeir eru beðnir að tilnefna hvor um sig lækni í dóminn af sinni hálfu. Stefnandi tilnefnir af sinni hálfu dómara í dóminn með bréfi, dags. 16. mars 1986 og hefur þá eigi uppi neina kröfu um ruðningu eins hinna föstu dómara, sem honum var þá heimilt, né gerir nokkrar athugasemdir um skipan gerðardómsins. Þrem dögum síðar sendir hann inn greinargerð sína til gerðardómsins svo skipaðs. Hafði hann því sætt sig við að leggja mál sitt undir gerðardóminn svo skipaðan. Gat stefnandi því eigi síðar undir rekstri málsins krafist ruðningar, eins og réttilega er tekið fram í synjunarúrskurði gerðardómsins á kröfu stefnanda á, að Sigursteini Guðmundssyni verði rutt úr dómnum, sem hann hafði upp hinn 6. júní 1986.“

Síðan segir stefndi, að af þessu sé augljóst, að gerðardómurinn hafi verið rétt skipaður og engir þeir gallar séu á málsmeðferð hans, er ógildi geti varðað.

Stefndi bendir á, að samkvæmt ákvæðum Codex Ethicus L.Í. verði úrskurði gerðardómsins eigi áfrýjað. Hinir almennu dómstólar geti því eigi fjallað um efni málsins, einungis skorið úr um, hvort gerðardómurinn hafi starfað löglega. Samkvæmt því sé síðari krafa stefnanda eigi dómtæk og beri að vísa henni frá dómi.

Forsendur og niðurstaða.

Svo sem fyrr segir gerði stefndi þá kröfu, þegar aðalflutningur skyldi hefjat þann 16. maí sl., að málinu yrði vísað frá dómi. Þessari kröfu mótmælti stefnandi og fluttu aðilar síðan mál sitt um frávísunarkröfuna eftir

að aðilaskýrsla hafði verið tekin af stefnanda og vitnaskýrsla af Sigurði Inga Sigurðssyni.

Að því er varðar frávisunarkröfu stefnda skal tekið fram, að það er almennt viðurkennd regla, að almennir dómstólar eigi ekki úrskurðarvald um efnislega niðurstöðu gerðardóma, heldur eigi þeir eingöngu úrskurðarvald um, hvort gerðardómar séu rétt skipaðir og hvort þeir hafi fylgt réttum réttarfarsreglum o.þ.h.

Fyrri kröfuliður stefnunnar er byggður á því, að skipan dómsins og starfshættir hans í málinu hafi ekki verið í samræmi við gildandi reglur, og er í stefnu bent á ýmis atriði í þessu sambandi. Stefnumkrafan er eigi haldin neinum þeim ágöllum, er valda því, að hún sé eigi dómtæk, né heldur rökstuðningur hennar.

Síðari kröfuliður stefnunnar varðar niðurstöðu á málsefni því, er gerðardómur læknafélagsins hefur þegar úrskurðað um og á réttilega undir þann dóm skv. Codex Ethicus læknafélagsins, en þar er tekið fram, að úrskurðum hans verði ekki áfrýjað. Dómkrafan er ennfremur eigi greind svo glögg sem verða má, sbr. 88. gr. laga nr. 65/1936.

Samkvæmt þessu ber að hrinda frávisunarkröfu stefnda að því er varðar fyrri kröfulið stefnunnar, en að því er varðar seinni kröfulið stefnunnar ber að taka hana til greina.

Ákvörðun málskostnaðar bíður efnisdóms um fyrri kröfulið stefnunnar. Dómsuppsaga í máli þessu hefur dregist vegna embættisanna dómarans. Þorsteinn Skúlason héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

2. kröfulið stefnu í máli þessu er vísað frá dóminum.

Ákvörðun málskostnaðar bíður efnisdóms um 1. kröfulið.